

*Einstaklingsmiðað námsmat í
Ingunnarskóla og Norðlingaskóla*



Ingvar Sigurgeirsson
í samráði við starfsfólk
Ingunnar- og Norðlingaskóla

Áfangaskýrsla um þróunarverkefnið

*Móðurskólar í uppbyggingu einstaklingsmiðaðs námsmats
í Ingunnar- og Norðlingaskóla
skólaárið 2006–2007*

Nóvember 2007

Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf

Kennaraháskóli Íslands

© Ingvar Sigurgeirsson, starfsfólk Ingunnar- og Norðlingaskóla
Öll réttindi áskilin
Áfangaskýrsla um þróunarverkefnið: Móðurskólar í uppbyggingu einstaklingsmiðaðs
námsmats í Ingunnar- og Norðlingaskóla skólaárið 2006–2007
SRR Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf
ISBN 978-9979-793-66-3

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Framkvæmd verkefnisins.....	9
Verkefnið í Ingunnarskóla	11
Verkefnið í Norðlingaskóla.....	14
Niðurstöður – horft fram.....	16
Tilvísanir.....	18

Inngangur

Á undanförunum árum hefur Reykjavíkurborg mótað stefnu um einstaklingsmiðað nám (Gerður G. Óskarsdóttir, 2003; Ingvar Sigurgeirsson, 2005). Í Ingunnarskóla og Norðlingaskóla hefur frá upphafi verið mikill áhugi á þróunarstarfi í anda þessarar stefnu og starfsfólk skólanna leitað leiða til að koma betur til móts við þarfir nemenda og hæfileika.

Í Ingunnarskóla hefur frá stofnun skólans (2001) verið unnið að þróun sveigjanlegra kennsluhátta. Kennarateymi bera ábyrgð á aldursblönduðum námshópum þar sem byggt er á einstaklingsmiððu námi, samvinnu, þemavinnu og skapandi starfi (Eygló Friðriksdóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Hrund Gautadóttir og Þorgerður Hlöðversdóttir, 2004). Unnið er í stórum, opnum kennslurýmum og áhersla lögð á ábyrgð nemenda á eigin námi, sjálfstæð vinnubrögð og að nýta tölvu- og upplýsingatækni. Nemendur gera sér vikuáætlanir í samvinnu við kennara sína og vinna að ýmsum samþættum verkefnum. Sérstakleg hefur verið leitast við að samþætta list- og verkgreinar við aðrar námsgreinar.

Í Ingunnarskóla hefur verið unnið að þróun heildstæðs agakerfis sem á ensku heitir Positive Behavior Support eða PBS. Megináhersla kerfisins er að fá nemendur til að sýna jákvæða hegðun. Það er fyrst og fremst gert með því að umbuna nemendum fyrir rétta og góða hegðun. með hrósi, pökkum (pappahringjum) eða öðrum aðferðum. Pökkunum safna nemendur saman og þegar bekkur hefur náð ákveðnum fjölda pökka fær hann umbun sem nemendur velja ásamt kennara.

Settar hafa verið upp reglur (reglufylki) þar sem fram kemur til hvers er ætlast af nemendum en að sjálfsögðu gilda einnig almennar kurteisisvenjur eins og í öllum samskiptum.

Í Norðlingaskóla, sem er að ljúka sínu öðru starfsári, hefur starf skólans grundvallast á því lífsviðhorfi að hverjum einstaklingi skuli búin námsskilyrði svo hann megi, á eigin forsendum, þroskast og dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður, sterkur og ekki síst lífsglaður einstaklingur. Til að ná þessum markmiðum hefur verið byggt á

einstaklingsmiðuðum starfsháttum og samvinnu hvers konar, teymisvinnu kennara og samkenndu árganga. Lögð er áhersla á að nemandinn taki aukna ábyrgð á eigin námi, m.a. með einstaklingsáætlunum (áformum) og námssamningum. Leitast er við að koma til móts við áhugasvið nemenda með því að gefa þeim tækifæri til að vinna að viðfangsefnum að eigin vali þar sem þeir afla sér upplýsinga upp á eigin spýtur. Þá skipa list- og verkgreinar mjög stóran sess og er um helmingur af vinnutíma nemenda unnin í svokölluðum Smiðjum (sjá nánar um þær á heimasíðu verkefnisins.¹ Þar er unnið með hvers konar listir og verknám (m.a. leiklist og tónlist) sem samþætt er hinum ýmsu greinum grunnskólans, s.s. náttúru- og umhverfismennt og samfélagsfræði. Í smiðjunum er oft meiri aldursblöndun en í almennu starfi skólans.

Í Norðlingaskóla hefur áhersla verið lögð á tengsl við nánasta umhverfi skólans og þá náttúru sem hann er í nágrenni við. Í þessu sambandi hefur verið komið upp útikennslustofu, sem fundinn var staður í Björnslundi (skógarreit í næsta nágrenni skólans). Þar er gert ráð fyrir að kennsla allra námsgreina geti farið fram undir berum himni. Þessi útikennslustofa kallar á mjög óhefðbundnar leiðir í námi og kenndu en það að auka fjölbreytni í skólastafinu er einmitt eitt af því sem lögð er áhersla á við skólann.

Í báðum skólunum hefur frá upphafi verið mikil umræða um það hvernig best sé að haga námsmati þannig að það samrýmdist sem best þeim áherslum sem unnið er eftir þegar stefnt er að aukinni einstaklingsmiðuðun. Stjórnendur og starfsfólk skólanna sammæltust um að sækja saman um styrk til Þróunarsjóðs grunnskóla Reykjavíkur til að þróa leiðir til námsmats í einstaklingsmiðuðu námi, móta námsmatsstefnu og festa í sessi námsmatskerfi í skólunum sem einnig gæti orðið öðrum til eftirbreytni. Góður styrkur fékkst úr sjóðnum til verkefnisins.

Gerður var samstarfssamningur við Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaraháskóla Íslands um að vera skólunum til ráðuneytis um undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Einnig kom Þóra Björk Jónsdóttir kennsluráðgjafi á Skólaskrifstofu Skagfirðinga að undirbúningi verkefnisins og tók þátt í fundum og námskeiði þar sem verkefninu var fylgt

¹ <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/throun/index.htm>

úr hlaði. Í báðum skólunum voru skipuð þróunarteymi til að fylgjast með framvindu verkefnisins.

Sett hefur verið upp sérstök heimasíða fyrir verkefnið, sjá á þessari slóð:

<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/throun/index.htm>

Verkefnið er hugsað til þriggja ára og er þessi skýrsla áfangaskýrsla um helstu námsmatsverkefni í skólunum tveimur fyrsta árið. Í skýrslunni er gerð grein fyrir helstu þáttum starfsins, en vísað er til ofangreindrar heimasíðu um einstakar útfærslur. Á heimasíðunni er m.a. að finna flest þau námsmatstæki sem þróuð voru í tengslum við verkefnið (gátlista, matskvarða, eyðublöð, kannanir og viðhorfakannanir).

Verkefninu voru sett eftirfarandi markmið:

- Kynna og ræða hugmyndir og dæmi um áhugaverðar leiðir þar sem námsmat tekur mið af einstaklingsmiðuðum kennsluháttum.
- Gefa kennurum tækifæri til að þróa námsmatsaðferðir sínar með skipulegum hætti og miðla reynslu sinni til annarra (milli skólanna, samstarfsfólks, starfsmanna í öðrum skólum, foreldra).
- Skapa vettvang fyrir kennara skólanna til að dýpka þekkingu sína á fjölbreyttum og áhugaverðum námsmatsaðferðum, einkum þeim sem henta í einstaklingsmiðuðu námi.
- Efla þekkingu starfsmanna á innlendum og erlendum heimildum um námsmatsaðferðir.
- Vinna að námsmatsstefnu skólanna.

Mikil gerjun hefur verið í námsmatsmálum víða um heim á undanförunum misserum.

Meðal þeirra aðferða og áherslna sem hafa verið að ryðja sér til rúms eru leiðsagnarmat (e. formative assessment, sjá t.d. Black og Wiliam, 1998), sem byggist á mikilli áherslu á samræðu við nemandann um framvindu námsins (matssamtöl), sjálfsmat og jafningjamat. Einnig má nefna frammistöðumat (e. performance assessment, sjá t.d. Ingvar Sigurgeirsson, 1999) sem eins og nafnið bendir til byggist á því að meta nemendur þegar

þeir eru að kljást við krefjandi viðfangsefni, og rauntengt námsmat (e. authentic assessment, sjá t.d. Armstrong, 2001) þar sem námsmat snýst um að meta viðfangsefni sem hafa raunverulegt gildi og matið er eftir því sem unnt er fellt að öðrum viðfangsefnum í náminu. Enn má nefna mat þar sem byggt er á náms- eða ferilmöppum (e. portfolio eða processfolio, sjá t.d. Ingvar Sigurgeirsson, 1999) þar sem nemendur halda skipulega til haga sýnishornum af úrlausnum sínum og safnið síðan notað með fjölbreyttum hætti í tengslum við námsmat og foreldrasamstarf.

Þessari hugmyndafræði tengist einnig áhersla á að námsmat sé jafnt og þétt allan námstímann, ekki bara í lok hans eins og algengt er og að það fléttist inn í námið með eðlilegum hætti. Námsmatsverkefnin sjálf eiga helst að hafa kennslufræðilegt gildi og matið á að ná jafnt til aðferða og afurða. Þá er oft lögð áhersla á að byggja matið á margvíslegum gögnum og sjónarhornum. Í því felst m.a. að fá, eftir því sem unnt er, marga aðila til að meta (kennari, samkennarar, nemendur (sjálfsmat, jafningjamat) og foreldrar).

Hér á landi hefur starfsfólk Laugalækjarskóla í Reykjavík verið leiðandi í þróun þessara námsmatsaðferða, einkum þeirra sem tengjast náms- og sýnismöppum.²

Starfsfólk Ingunnar- og Norðlingaskóla ákvað að leggja megináherslu á að þróa námsmatsaðferðir í þeim dúr sem hér hefur verið lýst að ofan. Í umsókn þeirra sagði m.a.:

Markmið með verkefninu er að skipuleggja og þróa leiðir til námsmats í einstaklingsmiðuðu námi. Námsmat þar sem byggt yrði upp heildrænt námsmatsferli sem innifæli fjölbreyttar leiðir s.s. notkun marklista, ferilmöppumats, frammistöðumats, matssamtöl o.fl. (sjá meðfylgjandi lýsingu).

Þessum aðferðum var í umsókn lýst svo:

Marklistar (rubrics): Nemendur skólanna beggja vinna samkvæmt einstaklingsáætlunum í a.m.k. íslensku og stærðfræði. Námsmarkmiðin og námsefnið er þrepaskipt og áhersla er á símat. Kennarar skólanna hafa hug á að vinna marklista þannig að með námsmatinu kæmi

² Lýsingar á þessum vinnubrögðum er að finna á heimasíðu skólans á þessari slóð:
http://www.laugalækjarskoli.is/einstaklings/index_files/page0004.htm

fram hvaða getu og færni viðkomandi nemandi hefur tileinkað sér. Markmiðið væri að gera námsmátið greinandi fyrir nemendum, foreldra og kennara.

Ferilsmöppur (portfolios): Áhugi er fyrir því að útbúa ferilsmöppur á hlutlægu og/eða rafrænu formi fyrir hvern nemanda sem lýsandi væri fyrir grunnskólagöngu hans. Hægt væri að sjá valin verk nemandans, kynningar, skjöl, myndir af verkefnum o.s.frv. sem nemandinn gæti t.d. lagt fram þegar hann sækir um framhaldsskóla. Nemendur myndu safna verkefnum frá 1. – 10. bekk í mismunandi möppur, s.s. greinamöppur, þemamöppur og sýnimöppu (sem væri úrval). Sérstök áhersla yrði á að nemendur finndu sitt áhugasvið sem þeir fengju síðan að vinna markvisst með og tengja t.d. vinnustaðaheimsóknum í eldri bekkjum.

Matsamtöl ... : Mikilvægt er að ná samræðunni inn í námsmátið. Hugmyndin er að byggja upp matssamtöl sem nemandinn og foreldrar hans myndu undirbúa annars vegar og kennarinn hins vegar. Margir hafa notað slík matssamtöl með góðum árangri og má þar nefna ... Svía. Þessi samtöl taka þá mið af þeim markmiðum sem nemandinn hefur sett sér og oft koma fram nýjar víddir við þessar aðstæður sem með skriflegu mati eða marklistamati koma ekki fram. Þá er matssamtalið vettvangur sem tengir þessa þrjá aðila og er oft einnig vettvangur til að setja fram væntingar fyrir næstu áfanga.

Frammistöðumat (performance assessment): Mikilvægt er að leggja mat á framvindu vinnu nemenda og meta hana til jafns á við hefðbundin próf. Nauðsynlegt er að skilgreina hvaða frammistöðumarkmið miðað er við að nemendur nái og hvað liggur að baki hverju markmiði fyrir sig. Lögð yrði áhersla á að allir kennarar skólans hefðu „sama skilning“ á markmiðunum. Náttúrufræði, samfélagsfræði, lífsleikni, kristinfræði og list- og verkgreinar eru kenndar í þemum/smiðjum. Frammistöðumat hentar því mjög vel þegar meta á slíka vinnu.

Fullyrða má að þær aðferðir sem ákveðið var að leggja megináherslu á séu í góðu samræmi við ákvæði *Aðalnámskrár grunnskóla* (2006) en þar er m.a. lögð áhersla mikilvægi þess að námsmat sé fjölbreytt og hvetjandi og að það sé „einn af föstum þáttum skólustarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu“. Þar segir einnig að þess sé „enginn kostur að meta námsgengi og framfarir eingöngu með prófum og öðrum formlegum aðferðum... meta verður alla þætti námsins, framfarir, þekkingu, skilning og leikni og láta þá veða í samræmi við áherslur í náminu ...” Samkvæmt námskrá þarf námsmátið ... „að fara fram jafnt og þétt á námstímanum” og kennarar „þurfa að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfs mats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim.

Framkvæmd verkefnisins

Verkefnið var sett af stað á starfsdögum kennara úr báðum skólunum í Ingunnarskóla 11.–14. ágúst. Ráðgjafar verkefnisins fjölluðu um stefnur og trauma í námsmáttálum, námsmáttferli og námsmáttaðferðir. Þá sóttu kennararnir ráttstefnu *Samtaka áhugasfólks um skólaþróun* sem haldin var í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ 14. ágúst þar sem fjallað var um fjölbreyttar námsmáttaðferðir.

Kennarar skólanna tveggja unnu að því að leggja mat á stöðu námsmats í skólunum og greina helstu sóknarfæri. Niðurstöður þessara funda má sjá á töflu 1.

Tafla 1 Niðurstöður matsfunda kennara Ingunnar- og Norðlingaskóla 11. ágúst: Hvar stöndum við? Hvar eru helstu sóknarfæri? Hvaða aðferðir ætlum við að þróa?

	1.–6. bekkur	7.-10. bekkur / list- og verkgreinakennarar
Jákvæðir þættir	<ul style="list-style-type: none"> • Matið í stærðfræðinni • Mat á þemavinnu • Áform og áætlanir • Jafningjamat • Skipulegar foreldraheimsóknir • Notkun möppu þar sem það hefur farið fram • Ánægja með að ræða við börn um eigið nám og að þau taki þátt í að finna leiðir • Ánægja með að gera börnum grein fyrir fjölgreindarkenningu og vinna með hana • Jákvætt að taka myndbönd af nemendum sem sýna hvað gerist í skólastarfi, sérstaklega nefnt fyrir nemendur með sérþarfir og yngri nemendur • Ánægja með að láta nemendur móta sína persónulegu skrift 	<ul style="list-style-type: none"> • Vikuáætlanir • Lokamat í íþróttum • Símat • Frammistöðumat • Skýr markmið • Nemendur setja sér markmið • Sjálfsmat • Samræmi í umsögnum um nemendur • Viðtöl við foreldra og nemendur að vori þar sem lokamati er skilað • Jafningjamat • Fundir nemenda, foreldra og kennara að hausti • Vinnusamningar • Margþætt lokamat
Þarf að bæta	<ul style="list-style-type: none"> • Meira jafningjamat og sjálfsmat • Hafa markmið og viðmið ljós frá 1. bekk • Vinna að skipulögðu námsmati í íslensku, sérstaklega rætt um lestur, ritun og tjáningu • Kortleggja stöðu nemenda frá upphafi • Efla aðkomu foreldra að skólastarfi, námi og námsmati barnanna • Taka upp ferilmöppur • Samræma birtingarform námsmatsins • List- og verkgreinakennarar meti nemendur frá 1. bekk 	<ul style="list-style-type: none"> • Leita þarf leiða til að meta nemendur þegar kennari hittir þá sjaldan • Þróa frammistöðum • Prófa að bjóða nemendum að taka munnleg próf • Endurskoða gátlista • Leita leiða til að útskýra markmið betur fyrir nemendum / gera nemendur meðvitaðri um markmið námsins • Þróa framfaramat • Skilgreina einkunnir (hvað merkja tölurnar?) • Nemendur setji sér oftár markmið og taki þátt í að meta hvernig tekist hefur að ná þeim • Prófa að safna upplýsingum um nemendur með því að meta færri í hvert skipti • Fjölbættara markmið í stærðfræði

Í kjölfar fundanna skipuðu kennarar sér í þróunarteymi og lögðu fyrstu drög að verkefnum vetrarins. Hver hópur leitaðist við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hvaða námsmatsaðferðir viljum við þróa?
- Hvað ætlum við að gera á þessu skólaári?
- Hvernig höldum við utan um verkefnið?
- Hver eru næstu skref?

Í lok starfsdaganna skiluðu hóparnir skýrslum um áætlanir sínar. Við undirbúning verkefnisins var gert ráð fyrir því að um 40 vinnustundir færu í verkefnið skólaárið 2006–2007, auk þriggja starfsdaga.

Litið var á vinnu við þróunarverkefnið sem lið í endurmenntun kennara.

Hér verður næst gerð stutt grein fyrir helstu verkefnum sem fengist var við í skólunum tveimur. Nánari upplýsingar um verkefnin, ásamt fylgiskjölum er að finna á heimasíðu verkefnisins á þessari slóð: <http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/throun/index.htm>

Verkefnið í Ingunnarskóla

Í skólanum var stofnað námsmatsteymi en í því voru fulltrúar allra aldurstiga og verk- og listgreina. Teymisfundir voru tvisvar í mánuði en þess á milli funduðu fulltrúar teymisins á sínu stigi með kennurnum skólans þar sem unnið var að einhverju tengdu námsmati. Þeir þættir sem ræddir voru í námsmatsteyminu voru safn- og sýnismöppur, námsmat í lestri, námsmat í íslensku, hvernig hægt væri að samræma námsmat í skólanum, hvernig einkunnablað ætti að líta út o.s.frv.

Fyrir áramót voru fundir í teyminu stopulir og voru ástæður þess margvíslegar. Þrátt fyrir það var á hverju stigi fyrir sig (undir stjórn stig- eða fagstjóra) unnið að þróun námsmats samhliða annarri skipulagsvinnu til dæmis var í 3.–4. bekk og 7.–10. bekk unnið að stigskiptingu málfræðikennslu og greinandi námsmati í tengslum við það. 1.–2. bekkur vann að námsmati í lestri og 5.–6. bekkur vann að fjölþættum verkefnum (sjá nánar á vefsíðu verkefnisins).

Eftir áramót var fundað reglulega auk þess sem starfsdagur eftir áramót og einnig á öskudag voru nýttir. Lögð var áhersla á að allir væru að vinna að verkefnum sem tengdust því stigi eða fagi sem þeir kenndu. Í unglingadeild (7.–10. bekk) unnu t.d. allir að yfirferð námsmats og prófagerð á öskudag þar sem skilyrði var að prófin yrðu greinandi og að auðvelt væri fyrir nemendur, foreldra og kennara að sjá styrkleika og veikleika nemenda. Kennarar voru mjög ánægðir með þann vinnudag.

Í lok nóvembermánaðar urðu breytingar á starfsmannaliði í unglingadeild. Samhliða var ákveðið að setja eina kennslustund á viku í nemendaviðtöl til að styrkja samband nemenda og umsjónarkennara. Hugmyndin var sú að umsjónarkennari og nemandi hittust reglulega til að ræða saman. Efni fundarins gæti tengst stöðu í námi, námsmati, líðan o.s.frv. Ekki voru sett skýr markmið með viðtölunum eða framkvæmdinni heldur var verkið sett í hendur hvers kennara. Næsta vetur stendur til að þróa viðtölin áfram og leggja m.a. áherslu á skráningu og að nýta viðtölin til námsmats.

Í listgreinum var jafnt og þétt unnið að þróun frammistöðumats og umsagna. Gerðar voru breytingar á matsviðmiðum í tónmennt og heimilisfræði sem pössuðu betur við þær greinar. Einnig var frammistöðumatið einfaldað fyrir 1.–2. bekk og 3.–4. bekk.

Þann 10. apríl var starfsdagur í skólanum þar sem þróunarhóparnir unnu áfram að verkefnum sínum og tók ráðgjafi þátt í þeim starfsdegi. Jafnframt voru tvö verkefnanna kynnt sérstaklega.

Auður Stefánsdóttir skólastjóri Laugalækjarskóla heimsótti skólann 17. apríl 2007 og fjallaði um þróun námsmats í sínum skóla en þar hefur í fimm ár verið fengist við að þróa námsmöppur og annað einstaklingsmiðað nám.

Þann 6. júní 2007 fjölluðu Björk Sigurðardóttir og Ólöf Ása Benediktsdóttir um þróunarverkefni í Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit en þar hefur verið unnið að endurbótum á námsmati með mjög svipuðum hætti og í Ingunnar- og Norðlingaskóla.

Svanhildur Sverrisdóttir kennsluráðgjafi var íslenskukennurum á unglíngastigi sérstaklega innan handar um skipulag kennslu og námsmat.

Helstu verkefni sem unnið var að í Ingunnarskóla voru þessi:

- **Áhersla á umsagnir í 1.–2. bekk:** Áhersla var lögð á að gefa leiðbeinandi umsagnir í stað einkunna eingöngu. Drög voru lögð að námsmati í 2.-3. bekk á næsta skólaári, þar sem aukin áhersla verður lögð á verkmöppur, einfaldar viðhorfakannanir og virkniathuganir.
- **Fjölbreytt námsmat í íslensku í 3.–4. bekk:** Málfræði var sérstaklega tekin fyrir og voru sett niður markmið, verkefni og námsmat sem var annað hvort skrifleg eða munnleg könnun.
- **Þyngdarskipt próf og leiðsagnarmat í 5. –6. bekk:** Fjölbreytt námsmatsverkefni þar sem kennarar sömdu m.a. mismunandi útgáfur af prófum eftir getu nemenda og gáfu leiðbeinandi umsagnir.
- **Fjölbreytt námsmat á unglíngastigi:**
 - Í **íslensku** voru gerðar voru tilraunir með þrepaskipt námsefni, sjálfsmat, mat á hópvinnu o.fl. Áætlanir voru gerðar fyrir næsta ár þar sem stefnt er að aukinni fjölbreytni, m.a. í formi heimaprófa, munnlegra prófa, örprófa, stöðuprófa, jafningjamats, kynninga nemenda á eigin verkefnum og námsmappa).
 - Grunnur var lagður að heildstæðu námsmati 5. - 10. bekkjar í **ensku**. Áhersla hefur verið lögð á fjölbreytt námsmat þar sem allir færniþættir eru metnir. Leitast hefur verið við að minnka vægi hefðbundinna prófa og auka vægi annarskonar námsmats (t.d. munnlegar kynningar fyrir hóp, munnlegar einstaklingskannanir, ritunarmöppur, kjörbókarskýrslur og samvinnuverkefni, jafningjamat). Nemendur 5. bekkjar stígu fyrstu skrefin við notkun Evrópsku tungumálamöppunnar. Þá var sú nýbreytni tekin upp að gefa tvær einkunnir, annars vegar markmiðaeinkunn (staða nemanda út frá markmiðum skólanámskrár eða einstaklingsnámskrár) og hins vegar vinnueinkunn (frammistaða í tímum, framfarir o.fl).

- Í **dönsku** var námsmat byggt á munnlegum og skriflegum prófum, könnunum, vinnubók, ritunarverkefnum og frammistöðumat þar sem metin var virkni, vinnubrögð, samstarfshæfni, umgengni, ástundun og frágangur. Einnig voru gerðar tilraunir með sjálfsmat og námsmöppur.
- Í **stærðfræði** var unnið að því að byggja upp fjölbreytt námsmat, m.a. að minnka vægi hefðbundinna prófa. Námsmatið var byggt á nokkrum könnunum, svokölluðum skilaverkefnum, hópverkefnum, leiðarbók og vinnueinkunn.
- Í **Náttúrufræði** var námsmat byggt á verkmöppu, frammistöðumati, hópverkefnum, skyndiprófum og lokaprófi.
- Á unglingsstigi var einnig gerð tilraun með **regluleg nemendasamtöl** Umsjónarkennarar hittu nemandur reglulega til að ræða um nám, líðan og samskipti. Næsta vetur stendur til að þróa viðtölin áfram og leggja m.a. áherslu á skráningu og að nýta viðtölin til námsmats.
- **Frammistöðumat í list- og verkgreinum:** Unnið hefur verið að að frekari þróun á frammistöðumati og umsögnum. Gerðar voru breytingar á matsviðmiðum í tónmennt og heimilisfræði sem þóttu falla betur að þeim greinum. Einnig var frammistöðumatið einfaldað fyrir yngstu bekkina.
- **Námsmat í íþróttum:** Búnir hafa verið til marklistar / sóknarkvarðar (e. scoring rubrics) sem notaðir eru til að útskýra einkunnir nemenda.

Þessum verkefnum er lýst nánar á heimasíðu verkefnisins:

<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/throun/index.htm>

Verkefnið í Norðlingaskóla

Í Norðlingaskóla hófst verkefnið með því að kennarahópurinn settist niður, ræddi viðfangsefnið og lét hugann reika í nokkurs konar þankahríð. Í framhaldi tók hópurinn saman yfirlit um þær hugmyndir sem fram höfðu komið og um mögulegar leiðir. Ákveðið var að skipa starfsmönnum í þrjá vinnuhópa sem hver hefði ákveðið viðfangsefni. Hver hópur fyrir sig tók svo til við að afla heimilda, ræða, gagnrýna, breyta og þróa sín viðfangsefni.

Hóparnir hafa hist reglulega, auk þess sem tveir vinnufundir hafa verið haldnir með ráðgjafa þar sem farið var yfir stöðu verkefnanna og línur lagðar um framhald þeirra. Megináhersla var lögð á að undirbúa vandlega verkefni næsta skólaárs, en þau verða einkum þessi:

- **Matssamtöl** (student assessment interview). Lögð voru drög að fyrirkomulagi matssamtala við nemendur (og foreldra) en gert er ráð fyrir því að þau verði þrjú; að hausti, í janúar og að vori (í maí). Tilgangur þeirra og markmið er að meta m.a. líðan, námslega stöðu nemandans, áhugamál og sterkar hliðar, sem og að setja fram markmið og væntingar.
- **Námsjóður** (student portfolio). Starfshópur lagði fram tillögur um hvað fara skuli í námssjóð fyrir hvern árgang. Stefnt er að því að námsjóðurinn verði eingöngu rafrænn. Nemandi velur í sjóðinn í samráði við kennara og rökstyður val sitt. Rökstuðningur nemandans er hjóðritaður tekin upp á segulband. Þeir punktar eru svo sendir foreldrum til umræðu með nemanda. Nemandi kynnir fyrir foreldrum, ættingjum og skólafélögum val sitt á verkum í námsjóðinn á matsdegi eða í matsvikunni.
- **Námsmat í samfélags- og náttúrfræði**. Starfshópur lagði drög að þema-verkefnum þar sem byggt er á samþættingu námsgreina. Gert er ráð fyrir því að nemendur vinni í hópum að heildstæðum viðfangsefnum (projects) sem tengd verða ákveðnum þemum. Á heimasíðu verkefnisins er gerð nánari grein fyrir þessum tillögum og gefin dæmi um útfærslur, bæði af yngsta stigi og unglíngastigi.
- **Námsmat í smiðjum**. Grunnur var lagður að námsmati í svokölluðum smiðjum, sem eru nokkurs konar verkstæði þar sem nemendur vinna með fjölbreyttum hætti að ýmsum samþættem verkefnum. Megináhersla er lögð á skapandi vinnu þar sem list- og verkgreinar eru samþætta við aðrar námsgreinar. Starfshópur vann að þróun matsblaðs sem notað var við mat á frammistöðu nemenda í smiðjunum. Alls voru fimmtán smiðjur vetrarins metnar með hliðsjón af þessu matsblaði og niðurstöðum skilað til nemenda á samráðsdegi nemenda, foreldra og kennara í lok skólaársins.

Þessum verkefnum er lýst nánar á heimasíðu verkefnisins:

<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/throun/index.htm>

Niðurstöður – horft fram

Þegar litið er til þeirra verkefna sem gerð er grein fyrir hér á undan má sjá að þróunarverkefnið hefur farið ágætlega af stað og að góður grunnur sé fengin fyrir framhaldinu.

Nokkrar hindranir hafa verið í veginum. Í báðum skólum eru mörg verkefni í gangi og miklar annir. Ljóst er að hópum hefur miðað misvel. Sumir eru komnir vel á veg, aðrir skemmra. Þá má segja að samráð milli starfsfólks skólanna hafi verið minna en upphaflega var gert ráð fyrir.

Hvað sem þessu líður fer ekki á milli mála að vel hefur miðað þegar á heildina er litið og hliðsjón höfð af meginmarkmiðum verkefnisins. Stefnt var að því að kynna og ræða hugmyndir og dæmi um áhugaverðar leiðir þar sem námsmat tekur mið af einstaklingsmiðuðum kennsluháttum. Ekki verður betur séð en að þessu markmiði hafi verið náð. Þá hefur kennurum verið gefið tækifæri til að dýpka þekkingu sína á ólíkum námsmatsaðferðum og þróa ákveðnar aðferðir með skipulegum hætti og miðla reynslu sinni til annarra. Miðlun hugmynda er enn sem komið er einkum innan skólanna, en ekki til annarra skóla, en eðlilegt hlýtur að teljast að þetta markmið sé einkum haft að leiðarljósi á seinni stigum verkefnisins og í lok þess.

Í báðum skólunum hafa farið fram miklar umræður um stefnumörkun í námsmati, en eitt meginmarkmið verkefnisins var að þoka slíkri stefnumörkun áfram.

Allir þróunarhópar hafa lagt drög að næstu skrefum. Í Ingunnarskóla verður áhersla lögð á að þróa námsmat sem tengist námsmöppum (portfolio) og verður unnið að því verkefni í öllum árgöngum og í öllum námsgreinum. Þessi vinna verður ekki samræmd heldur munu þróunarhóparnir fara ólíkar leiðir við útfærslu, sem síðan verða ræddar og metnar að ári. Eina samræmingin er fólgin í því að við það er miðað að allir nemendur haldi tvenns konar möppur; annars vegar safnmöppur með öllu helstu verkefnum sem

nemandinn vinnur í skólanum og hins vegar úrvalsmöppu (sýnismöppu) fyrir bestu úrlausnir að mati nemenda eða kennara. Þá munu mörg þróunarteymi þreifa sig áfram með virkniathuganir, gátlista og viðhorfakannanir. Aðrir hópar munu prófa mismunandi form af sjálfs- og jafningjamati og tilraunir verða gerðar með óhefðbundin próf af ýmsu tagi, t.d. munnleg próf, samvinnupróf, heimapróf og matssamtöl. Þá verður í fyrsta sinn notuð sérstök áætlunarbók fyrir nemendur sem kennarar skólans hafa mótað eftir erlendum fyrirmyndum.

Í Norðlingaskóla er gert ráð fyrir að matssamtöl verði prófuð í samræmi við þær áætlanir sem gerðar hafa verið og formlegt mat lagt á hvernig til tekst. Þá verður hrint í framkvæmd hugmyndum um námsmöppur, sem verða í Norðlingaskóla kenndar við *námsjóð* eins og fram hefur komið. Námsmat í smiðjum verður þróað áfram og unnið verður að mótun heildstæðra námseininga í samfélagsfræði og náttúrufræði þar sem stefnt verður að því að fjölbreytt námsmat verði samþætt öðrum viðfangsefnum. Sérstök áhersla verður lögð á vitnisburð, með það fyrir augum að öll endurgjöf um námsmat verði tengd einstaklingmiðuðum umsögnum (uppbyggjandi endurgjöf), helst í samtölum við nemendur og forráðamenn þeirra.

Verkefninu verður fram haldið í ágúst og mun starfsárið hefjast á sameiginlegum starfsdegi þar sem farið verður yfir stöðuna eftir fyrsta árið og dæmi um þróunarverkefni úr báðum skólunum kynnt. Þá munu þróunarhóparnir leggja lokahönd á áætlanir fyrir skólaárið.

Enn skal áréttað að unnt er að fylgjast með framvindu þessa verkefnis á heimasíðu þess:

<http://starfsfolk.khi.is/ingvar/namsmat/throun/index.htm>

Tilvísanir

Aðalnámskrá grunnskóla: *Almennur hluti*. (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Armstrong, Thomas, í þýðingu Erlu Kristjánsdóttur (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni*. Reykjavík: JPV útgáfa.

Black, Paul og Wiliam, Dylan (1998). Inside the Black Box: Raising Standards Through Classroom Assessment. *Phi Delta Kappa International*. Sótt á Netið 18. febrúar 2007 á <http://www.pdkintl.org/kappan/kbla9810.htm>

Eygló Friðriksdóttir, Guðlaug Sturlaugsdóttir, Hrund Gautadóttir og Þorgerður Hlökkversdóttir (2004). Nýr skóli á nýrri öld Þróun náms- og kennsluhátta við Ingunnarskóla. *Netla: Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Grein birt 28. júní. Sótt á Netið 23. júní 2007 á <http://netla.khi.is/greinar/2004/005/index.htm>

Gerður G. Óskarsdóttir (2003). *Skólastarf á nýrri öld*. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Ingvar Sigurgeirsson (1999). Námsmat byggt á traustum heimildum ... Í *Steinum í vörðu*, til heiðurs Þuríði J. Kristjánsdóttur sjötugri. (Ritstjórar Helgi Skúli Kjartansson o.fl.). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Bls.147–169.

Ingvar Sigurgeirsson (2005). Um einstaklingsmiðað nám, opinn skóla og enn fleiri hugtök ... *Uppeldi og menntun*, 14(2), 9–32.

Laugalækjarskóli (2007) *Einstaklingsmiðað nám*. Sótt á Netið 23. júní 2007 á <http://www.laugalaekjarskoli.is/einstaklings/index.htm>